

## Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 178 (23.3.2026) - Afslættir af gatnagerðargjöldum í Múlaþingi 2026-2030

**Málsnúmer** : 202602089  
**Málsaðili** : Múlaþing  
**Niðurstaða (stutt)** :  
**Fundardagur** : 23.03.2026

**Inngangur** : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur að nýju, umræða vegna afslátta af gatnagerðargjöldum af iðnaðar-, athafna-, verslunar- og þjónustulóðum í Múlaþingi 2026-2030. Ráðið vísaði umræðunni til byggðarráðs, á 174. fundi þann 16. febrúar sl., og var málið tekið fyrir á 183. fundi Byggðarráðs 17. mars síðastliðinn. Byggðaráð hvetur umhverfis- og framkvæmdaráð til að endurskoða og samræma afslætti á gatnagerðargjöldum af ofangreindum lóðum, sem og íbúðarlóðum í sveitarfélaginu. Byggðaráð hvetur ráðið einnig til að leita leiða við að fjölga atvinnulóðum, sérstaklega á Egilsstöðum, sem og að setja afslætti á atvinnu- og iðnaðarlóðir í Fellabæ til að ýta undir uppbyggingu atvinnulífs þar.

**Niðurstaða** : Eftirfarandi tillaga lögð fram:  
Með vísan í bókun byggðarráðs samþykkir umhverfis- og framkvæmdaráð að settur verði 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum athafnalóða við Selblá og Valgerðarveg í Fellabæ. Afslátturinn verður í gildi út árið 2027. Hvað varðar samræmingu afslátta af íbúðarhúsalóðum vísar ráðið því til umræðu fyrir næsta ár. Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að minnisblaði um afslætti af gatnagerðargjöldum og vísar því til staðfestingar hjá sveitarstjórn.

Verkefni um fjölgun atvinnulóða er áfram í vinnslu hjá starfsfólki umhverfissviðs.

Samþykkt samhljóða.